

Mánudaginn 11. júní 1917.

Nr. 10/1917.

Sigurður Þórðarson f. sýslum.  
gegn  
Sveini Guðmundssyni kaupm.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, Sigurður Þórðarson fyrirv. sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, höfðaði mál þetta fyrir aukarétti nefndrar sýslu gegn stefnda, Sveini kaupmanni og hreppsnefndarmanni Guðmundssyni í Mörk á Akranesi, fyrir meiðandi ummæli í simskeyti dags. 11. júní 1914, er hreppsnefndin í Ytri-Akraneshreppi sendi stjórnarráðinu, og í skjali, er stefndi las upp í heyrenda hljóði á manntalsþingi hreppsins 20. s. m. Í aukaréttinum lauk málinu með dómi, uppkveðnum 4. sept. f. á., þannig, að stefndi var sýknaður og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 25 kr. í málskostnað.

Eftir að málinu með dómi, uppkveðnum 5. febr. þ. á., hafði verið vísað frá yfirdómnum, hefir áfrýjandi nú aftur með stefnu, útgefinni 14. s. m., áfrýjað málinu og geit þær kröfur, að stefndi verði dæmdur fyrir meiðyrði í þyngstu sekt sem lög leyfa, svo og í sekt fyrir óþarfa þrætu og til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð, eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á aukaréttardómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Meiðyrðin, sem átalín eru í máli þessu, eru sem fyr segir í simskeyti til stjórnarráðsins og í skjali, er

stefndi las upp á manntalsþingi Ytri-Akranesshrepps. Símskeytið er svo látandi: »Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefir vanrækt að gefa úrskurð á sveitfestismáli sjúklingsins Ingibjargar Ingjaldsdóttur, fékk öll málgögn í janúar, *drátturinn veldur vand-ræðum*; einnig í byggingarmáli Bøðvars Þorvalds-sonar; krefjumst þess, að stjórnarráðið gangist fyrir að úrskurður í málum þessum komi innan þriggja sólarhringa«. Vorið 1914 gat áfrýjandi eigisjálfur haldið manntalsþing sökum vanheilsu, en fekk annan mann löggiltan til þess á sína ábyrgð. Á manntalsþingi Ytri-Akranesshrepps 20. júní s. á. kom stefndi fram með nefnt skjal, og krafðist þess að þinghaldarinn læsi það upp hátt þar á þinginu, og er því var neit- að, las hann sjálfur upp skjalið fyrir þingheimi og afhenti það þinghaldara að því búnu til þess að það yrði látið fylgja þingbókinni en skjalið hljóðar svo: »Með allri virðingu fyrir þinghaldaranum, herra præp. hon. Jóhanni Þorsteinssyni, þá verð eg að lýsa sárri óánægju yfir að hér skuli ekki vera mættur sam- kvæmt landslögum og rétti þinghaldari með dóms- og úrskurðarvaldi. Þetta kemur sér því ver sem sýslumaður hefir vanrækt að afleggja úrskurði í afar- áriðandi málum hér og ýms sáttakærumál fá engan enda eða dóm, auk fleiri spursmála, sem svara þarf strax. Svo bezt verða menn löghlýðnir og greiða opinber gjöld, að þeir finni réttlætið og skyldurækni þeirra, sem laganna eiga að gæta. Eg vona að hlut- aðeigandi dóms- og úrskurðarvald hér í sýslu finni að hér er um ástæðu fyrir umkvörtun að ræða og láti því ekki hér eftir koma fyrir, að ástæða sé til

umkvörtunar fyrir vanrækslu í embættisrekstri og að hér þingi ætíð úrskurðandi maður. Ofanritað krefst eg að sé innfært í þingbókina og lesið upp í vottanna áheyrn á þinginu í dag.

Áfrýjandi meðtók 20. júní frá stjórnarráðinu símskeytið frá 11. júní til umsagnar og um efni skjalsins, er stefndi las upp á manntalsþinginu 20. júní, fekk áfrýjandi vitneskju, þegar það barst honum með þingbókinni 22. s. m. Áfrýjandi ritaði þá stjórnarráðinu bréf 24. s. m. og fór fram á að sakamálsrannsókn yrði hafin gegn stefnda samkv. 22. og 12. kap. hegningarlaganna, fyrir bersýnilega ranga kæru og árás á áfrýjanda sem embættismenn. Þessu bréfi var þó eigi svarað og ekki heldur tveimur öðrum bréfum, er áfrýjandi skrifaði 20. janúar og 12. apríl 1915 um sama efni. Tók áfrýjandi þá það ráð að skrifa skrifstofustjóra á 1. skrifstofu stjórnarráðsins, til að grenslast eftir hvað málinu liði og fekk það svar hjá honum, dags 7. júní s. á., að skjöl málsins myndust ekki, þó að leitað hefði verið að þeim, en stjórnarráðið væri alráðið í því að höfða sakamál út af kæru áfrýjanda, og væri því áfrýjandi beðinn að senda eftirrit af henni ásamt gögnum þeim, er henni hefðu fylgt. — Með bréfi dags. 13. júlí 1915 fyrirskipaði stjórnarráðið sakamálsrannsókn gegn stefnda og öðrum manni í hreppsnefndinni út af kæru áfrýjanda, og var próf haldið í málinu 21. ágúst s. á., en með bréfi dags. 10. nóv. s. á. ákvað stjórnarráðið að láta frekari rannsókn falla niður með því skilyrði, að hinir kærðu greiddu áfallinn kostnað, og var þannig úrskurðað eftir tillögu

sýslumanns og að fenginni svo látandi yfirlýsingu frá stefnda: »Ummæli mín í símskeyti til stjórnarráðsins og eins í skjali, er upp var lesið á manntalsþingi 1914 í Ytri-Akranesshreppi og skilin hafa verið á þá leið, að í þeim fælist móðgandi aðdróttanir um embættisfærslu Sigurðar Þórðarsonar fyrverandi sýslumanns, voru ekki höfð í þessu skyni og afturkallast því«.

Áfrýjanda voru ekki birt þessi málalok, en hann hafði spurn af þeim, og ritaði þá stjórnarráðinu 20. nóv. s. á. beiðni um að fá eftirrit af úrskurðinum 10. nóv. og yfirlýsingu stefnda, og meðtók hann þessi eftirrit með bréfi dags. 2. desbr.; 23. s. m. ritaði hann aftur ráðherra og fór fram á, að hann léti taka málið upp aftur og ítrekaði þá beiðni í bréfi 17. jan. f. á., en með bréfi ráðherra dags. 27. s. m. meðtók hann það svar, að sitja yrði við ákvörðun stjórnarráðsins frá 10. nóv., að málið skyldi falla niður. Áfrýjandi höfðaði þá þetta mál, sem fyr segir. Var sáttakæra í því útgefin 24. febr. og stefna 13. marz f. á., en fyrirtektar-áteiknun sýslumanns á stefnunni er dagsett 14. apríl næst á eftir.

Ummæli stefnda um áfrýjanda í hinum tilvitnuðu skjölum, brigsli um vanrækslu í embættisrekstri og aðdróttanir um skort á skyldurækni og réttlæti eru mjög ærumeiðandi, ekki sízt af því, að þau eru viðhöfð í skjali til stjórnarráðsins og lesin upp á manntalsþingi í viðurvist margra manna. Í vörn sinni fyrir aukaréttinum leitaðist stefndi við að réttlæta ummæli sín og sýna fram á að með þeim væri ekkert ofsagt, en af málfærslu hans eða öðru, sem fram er komið

í málinu, verður eigi séð, að hann hafi haft neina ástæðu eða heimild fyrir áburði sínum á áfrýjanda, enda hefir hann fyrir yfirdóminum aðallega borið fyrir sig þá sýknunarástæðu, sem aukarétturinn tók til greina, að sök á hendur honum væri fyrnd samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Heldur hann því fram, að þar sem áfrýjandi hafi 20. og 22. júní 1914 fengið vitneskju um sakarefnið, en ekki byrjað þetta mál fyr en með sáttakæru 24. febr. og stefnu 14. apríl 1916, hafi sökin verið fyrnd samkvæmt nefndri lagagrein, og um það hafi afskifti stjórnarráðsins af málinu að engu haggað með því að sökin hafi verið fyrnd áður en þau afskifti byrjuðu. Og þó að svo yrði litið á, að afskifti stjórnarráðsins hefðu stöðvað fyrningu og áfrýjanda hefði, í samræmi við sömu lagagrein verið heimill 3ja mánaða frestur eftir að sakamálsrannsóknin féll niður samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 10. nóv. 1915, til að höfða mál, þá hafi sá frestur einnig verið liðinn þegar áfrýjandi byrjaði þetta mál.

Þegar er áfrýjandi fekk vitneskju um hin átöldu meiðyrði, sendi hann stjórnarráðinu, svo sem fyr getur, kæru eða málaleitun um, að málið yrði tekið upp sem sakamál, og sinti stjórnarráðið þeirri málaleitun með því að fyrirskipa sakamálsrannsókn út af henni; að vísu var sú skipun eigi gefin út fyr en 13. júlí 1915 og rannsókn eigi hafin fyr en 21. ágúst s. á., en áfrýjandi hafði með fyrgreindu bréfi frá 1. skrifstofu stjórnarráðsins 7. júní s. á. fengið ábyggilega vitneskju um, að valdstjórnin væri alráðin í að láta

málið til sín taka, enda hafði hann gert sér alt far-  
 um að fá úrskurð stjórnarráðsins um málið svo tím-  
 anlega, að hann gæti rekið sjálfur réttar síns, ef  
 málið yrði eigi tekið upp af hálfu hins opinbera.  
 Málið var þannig í höndum valdstjórnarinnar frá því  
 er stjórnarráðinu barst kæra áfrýjanda og þar til er  
 það með úrskurðinum 10. nóvbr. ákvað að láta það  
 falla niður, og eftir að áfrýjandi 7. júní hafði fengið  
 að vita, að stjórnarráðið væri alráðið í að láta höfða-  
 sakamál út af kærinni, hafði hann enga ástæðu til  
 að ætla, að hætt yrði við málið án þess það væri  
 leitt til lykta með dómi. Eftir þessum málavöxtum  
 virðist því mega meta kæru áfrýjanda til stjórnar-  
 ráðsins, að því er til fyrningar kemur hinna átöldu  
 ummæla samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, til jafns  
 við stefnu í einkamáli, og úrskurð stjórnarráðsins  
 10. nóv. til jafns við það, að sækjandi hefði hætt við  
 málið. Það verður þá og í samræmi við nefnda laga-  
 grein að líta svo á, að áfrýjanda hafi í 3 mánuði  
 frá dagsetningu úrskurðarins 10. nóv. verið opin leið  
 til að hefja einkamál. En nú heldur áfrýjandi því  
 fram, að þennan 3ja mánaða frest beri eigi að telja  
 frá 10. nóv. 1915, heldur frá 27. jan. 1916, þegar  
 ráðherra í bréfi, dags. þann dag, tilkynti áfrýjanda,  
 að beiðni hans um að úrskurðinum 10. nóvbr. yrði  
 breytt og málið tekið upp aftur af hálfu valdsstjórn-  
 arinnar, yrði eigi tekin til greina. Í því tilliti bend-  
 ir áfrýjandi á að hann hafi haft fulla ástæðu til að  
 ætla að þessari beiðni hans yrði sint, af því að land-  
 ritari hafi gefið út úrskurðinn í fjarveru ráðherra og  
 á hans ábyrgð og ráðherra því verið málinu ókunn-

ugur, að úrskurðurinn sé rangur og ólöglegur og að ráðherra hafi verið bæði heimilt og skylt að leiðrétta hann. Það verður þó eigi fallist á, að rétt sé að telja áminstan þja mánaða frest frá síðarnefndum degi, en úrskurðurinn 10. nóv. 1915 verður að teljast fullnaðarúrslit málsins af hálfu ákærvaldsins. Í því efni skiftir það eigi máli, hvort landritari gaf út úrskurðinn fyrir hönd ráðherra eða ráðherra gerði það sjálfur, og sama er um það, hvort úrskurðurinn er réttur eða lögum samkvæmur, með því að réttinum ber eigi að dæma um það. Bréf ráðherra 27. jan. f. á. verður þá eigi talið nýr úrskurður, heldur aðeins tilkynning um að sitja skuli við úrskurðinn frá 10. nóvbr.

Samkvæmt framansögðu álizt áfrýjandi eigi hafa höfðað mál þetta í tækan tíma, hvort sem talið er til sáttakærudags 24. febr. eða stefnudags 14. apríl f. á. Sökin telst því fyrnd samkvæmt margnefndri hegningarlagagrein, og verður þá eigi komist hjá að sýkna stefnda af þeirri ástæðu af kærnum og kröfum áfrýjanda.

Að athuguðum öllum málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sveinn kaupmaður Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar

Pórðarsonar fyrverandi sýslumanns, í þessu máli.  
Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli  
niður.

Mánudaginn 18. júní 1917.

Nr. 8/1917.

Jón Árnason  
gegn  
Hallgrími Benediktssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Hallgrímur Benediktsson umboðssali í Reykjavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jóni Árnasyni kaupmanni sama staðar til greiðslu á skuld að upphæð 421 kr. 68 aur. ásamt vöxtum og málskostnaði. Með dómi nefnds réttar uppkveðnum 18. jan. þ. á. lauk máli þessu svo, að áfrýjandi Jón Árnason var dæmdur til að greiða stefnda 362 kr. 75 a. með 6% ársvöxtum frá 14. jan. 1916 til greiðsludags, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. febr. þ. á. og krafist þess aðallega, að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnda Hallgríms Benediktssonar, en til vara að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 35 kr. 78 a. og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann þess, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi hvernig sem málið fer.